# SAMANDREGINN ÁRSHLUTAREIKNINGUR SAMSTÆÐUNNAR
# 1. MARS TIL 31. MAÍ 2024

# EFNISYFIRLIT

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra ........ 3

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ........ 5

Efnahagsreikningur ........ 6

Eiginfjáryfirlit ........ 7

Sjóðstreymisyfirlit ........ 8

Skýringar ........ 9

# SKÝRSLA OG YFIRLÝSING STJÓRNAR OG FORSTJÓRA

Hagar hf. („félagið“) er verslunarfyrirtæki með starfsemi á Íslandi en félagið er leiðandi á íslenskum dagvöru- og eldsneytismarkaði. Í lok tímabilsins starfrækti félagið 40 matvöruverslanir, 22 Olís þjónustustöðvar, 43 ÓB-stöðvar, tvö vöruhús, eina framleiðslustöð, eina netverslun með matarpakka, eina birgðaverslun og eina sérvöruverslun. Kjarnastarfsemi Haga er á sviði matvöru og tengdra vöruhúsa, auk eldsneytissölu.

Árshlutareikningur Haga hf. fyrir tímabilið 1. mars til 31. maí 2024 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Árshlutareikningurinn samanstendur af samandregnum samstæðureikningi Haga hf. og dótturfélaga þess, sem vísað er til sem samstæðunnar. Árshlutareikningurinn er hvorki endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

## Rekstur tímabilsins og fjárhagsleg staða

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu var hagnaður af rekstri samstæðunnar að fjárhæð 850 millj. kr. (2023/24: 653 millj. kr.). Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 3.214 millj. kr. (2023/24: 2.521 millj. kr.). Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 81.541 millj. kr. (Árslok 2023/24: 77.214 millj. kr.). Eigið fé í lok tímabilsins nam 29.038 millj. kr. (Árslok 2023/24: 28.188 millj. kr.) og var eiginfjárhlutfall 35,6% (Árslok 2023/24: 36,5%).

Rekstur á fyrsta ársfjórðungi 2024/25 gekk vel og var í samræmi við áætlanir. Vörusala jókst um 6,2% frá fyrra ári og framlegð jókst í krónum talið um 18,1%. Rekstrarkostnaður hækkaði um 12,5% milli ára og EBITDA afkoma tímabilsins styrktist um 27,5% frá fyrra ári. Ágæta niðurstöðu fjórðungsins má einkum rekja til betri rekstrarafkomu starfsþáttar Olís en starfsþáttur verslana og vöruhúsa styrktist einnig milli ára. Fjármagnskostnaður samstæðunnar hækkaði um 26% milli ára. Vextir og verðbólga eru enn há í sögulegu samhengi og þá hafa vaxtagjöld vegna leiguskulda hækkað nokkuð milli tímabila.

Afkomuspá stjórnenda fyrir rekstrarárið 2024/25 gerir ráð fyrir að rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) verði á bilinu 13.800-14.300 millj. kr. Fjárhagsleg staða samstæðunnar er sterk og er fjármögnun tryggð til millilangs tíma. Aðgangur að skammtímafjármögnun í formi lánalína, að fjárhæð 4,5 ma. kr. og USD 12,5 millj. er tryggður en einnig hefur félagið undanfarið nýtt sér skammtímafjármögnun í formi víxlaútgáfu. Útgáfa víxlanna er í samræmi við grunnlýsingu 10 ma. kr. útgáfuramma sem stjórn félagsins hefur samþykkt. Gera má ráð fyrir að félagið nýti sér áfram markaðsfjármögnun á næstu misserum.

## Hlutafé og hluthafar

Skráð hlutafé félagsins nam í lok tímabilsins 1.106 millj. kr. Hver hlutur er ein króna að nafnverði. Allir hlutir eru í sama flokki og njóta sömu réttinda. Eigin hlutir námu 22,1 millj. kr. að nafnverði í upphafi og í lok tímabils.

Hluthafar voru 968 í byrjun tímabilsins og 956 í lok þess.

Þann 30. maí 2024 samþykkti aðalfundur félagsins að greiddur yrði arður til hluthafa sem nemur 50% hagnaði síðasta reikningsárs eða samtals 2.522 millj. kr. Arðurinn var greiddur þann 7. júní 2024.

# SKÝRSLA OG YFIRLÝSING STJÓRNAR OG FORSTJÓRA, FRH.:

## Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra gefur samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar fyrir tímabilið 1. mars til 31. maí 2024, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 31. maí 2024 og breytingum á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar, og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Haga hf. hafa í dag farið yfir árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. mars til 31. maí 2024 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Árshlutareikningurinn er undirritaður með rafrænum hætti í samræmi við lög nr. 55/2019, um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.

Reykjavík, 28. júní 2024

Stjórn:

___________________________________
Eiríkur S. Jóhannsson, formaður

___________________________________
Eva Bryndís Helgadóttir, varaformaður

___________________________________
Davíð Harðarson, meðstjórnandi

___________________________________
Jensína Kristín Böðvarsdóttir, meðstjórnandi

___________________________________
Sigríður Olgeirsdóttir, meðstjórnandi

Forstjóri:

___________________________________
Finnur Oddsson

# REKSTRARREIKNINGUR OG YFIRLIT UM HEILDARAFKOMU
# 1. MARS 2024 TIL 31. MAÍ 2024

| | Skýr. | 2024<br>1.3.-31.5. | 2023<br>1.3.-31.5. |
|---|---|---|---|
| Vörusala | | 44.067 | 41.490 |
| Kostnaðarverð seldra vara | | ( 34.530) | ( 33.418) |
| **Framlegð** | | 9.537 | 8.072 |
| Aðrar rekstrartekjur | | 142 | 194 |
| Laun og launatengd gjöld | | ( 4.377) | ( 3.932) |
| Annar rekstrarkostnaður | | ( 2.088) | ( 1.813) |
| **Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)** | | 3.214 | 2.521 |
| Afskriftir | 7 | ( 1.381) | ( 1.129) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 1.833 | 1.392 |
| Hrein fjármagnsgjöld | 8 | ( 789) | ( 626) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | | 25 | 40 |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | | 1.069 | 806 |
| Tekjuskattur | | ( 219) | ( 153) |
| **Heildarhagnaður tímabilsins** | | 850 | 653 |
| **Hagnaður á hlut** | | | |
| Grunnhagnaður á hlut | | 0,78 | 0,59 |
| Þynntur hagnaður á hlut | | 0,77 | 0,58 |

Skýringar á blaðsíðum 9 til 14 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

# EFNAHAGSREIKNINGUR 31. MAÍ 2024

| | Skýr. | 31.5.2024 | 29.2.2024 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Rekstrarfjármunir | | 22.710 | 22.410 |
| Fjárfestingarfasteignir | | 3.832 | 3.841 |
| Óefnislegar eignir | | 12.383 | 12.835 |
| Leigueignir | 9 | 12.218 | 11.252 |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum | | 5.472 | 5.517 |
| Aðrar langtímaeignir | | 222 | 230 |
| Fastafjármunir samtals | | 56.837 | 56.085 |
| | | | |
| Vörubirgðir | 10 | 12.798 | 13.068 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 11 | 7.332 | 6.234 |
| Handbært fé | | 4.574 | 1.827 |
| Veltufjármunir samtals | | 24.704 | 21.129 |
| | | | |
| **Eignir samtals** | | 81.541 | 77.214 |
| | | | |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 1.084 | 1.084 |
| Bundið eigið fé | 12 | 10.143 | 8.928 |
| Óráðstafað eigið fé | | 17.811 | 18.176 |
| Eigið fé samtals | | 29.038 | 28.188 |
| | | | |
| **Skuldir** | | | |
| Vaxtaberandi langtímaskuldir | 13 | 11.330 | 11.286 |
| Leiguskuldir | 14 | 10.669 | 9.660 |
| Tekjuskattsskuldbinding | | 2.413 | 2.193 |
| Langtímaskuldir samtals | | 24.412 | 23.139 |
| | | | |
| Vaxtaberandi skammtímaskuldir | 13 | 5.825 | 5.818 |
| Leiguskuldir | 14 | 2.609 | 2.579 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 15 | 19.657 | 17.490 |
| Skammtímaskuldir samtals | | 28.091 | 25.887 |
| | | | |
| Skuldir samtals | | 52.503 | 49.026 |
| | | | |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 81.541 | 77.214 |

Skýringar á blaðsíðum 9 til 14 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

# EIGINFJÁRYFIRLIT
# 1. MARS 2024 TIL 31. MAÍ 2024

| *Breytingar á eigin fé* | Hlutafé | Bundið eigið fé | Óráðstafað eigið fé | Eigið fé Samtals |
|---|---|---|---|---|
| *1. mars til 31. maí 2023* | | | | |
| Eigið fé 1. mars 2023 | 1.119 | 7.290 | 19.522 | 27.931 |
| Endurkaup á eigin bréfum | ( 13 ) | | ( 820 ) | ( 833 ) |
| Heildarhagnaður tímabilsins | | | 653 | 653 |
| Breyting á hlutdeildarreikning | | 969 | ( 969 ) | 0 |
| Eigið fé 31. maí 2023 | 1.106 | 8.259 | 18.386 | 27.751 |
| *1. mars til 31. maí 2024* | | | | |
| Eigið fé 1. mars 2024 | 1.084 | 8.928 | 18.176 | 28.188 |
| Heildarhagnaður tímabilsins | | | 850 | 850 |
| Breyting á hlutdeildarreikning | | 1.215 | ( 1.215 ) | 0 |
| Eigið fé 31. maí 2024 | 1.084 | 10.143 | 17.811 | 29.038 |

Þann 30. maí 2024 samþykkti aðalfundur félagsins að greiddur yrði arður til hluthafa sem nemur 50% hagnaði síðasta reikningsárs eða samtals 2.522 millj. kr. Arðurinn var greiddur þann 7. júní 2024.

Skýringar á blaðsíðum 9 til 14 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

# SJÓÐSTREYMISYFIRLIT
# 1. MARS 2024 TIL 31. MAÍ 2024

| | Skýr. | 2024 1.3.-31.5. | 2023 1.3.-31.5. |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hagnaður tímabilsins | | 850 | 653 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Söluhagnaður rekstrarfjármuna | | ( 3) | ( 68) |
| Afskriftir | 7 | 1.381 | 1.129 |
| Hrein fjármagnsgjöld | 8 | 789 | 626 |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | | ( 25) | ( 40) |
| Tekjuskattur | | 219 | 153 |
| Veltufé frá rekstri | | 3.211 | 2.453 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum | | ( 828) | 360 |
| Breytingar á rekstrartengdum skuldum | | 2.484 | 1.184 |
| Handbært fé fyrir vexti og tekjuskatt | | 4.867 | 3.997 |
| Innheimtar vaxtatekjur | | 46 | 10 |
| Greidd vaxtagjöld | | ( 702) | ( 449) |
| Greiddur tekjuskattur | | ( 321) | ( 223) |
| Handbært fé frá rekstri | | 3.890 | 3.335 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Fjárfesting í fasteignum | | ( 43) | ( 792) |
| Söluverð fasteigna | | 0 | 153 |
| Fjárfesting í áhöldum og innréttingum | | ( 461) | ( 986) |
| Söluverð áhalda og tækja | | 7 | 29 |
| Fjárfesting í fjárfestingarfasteignum | | ( 22) | ( 473) |
| Fjárfesting í óefnislegum eignum | | ( 173) | ( 283) |
| Skuldabréfaeign, breyting | | 8 | 2 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 684) | ( 2.350) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Móttekinn arður frá hlutdeildarfélögum | | 70 | 0 |
| Keypt eigin bréf | | 0 | ( 833) |
| Afborganir langtímalána | | ( 111) | ( 111) |
| Vaxtaberandi skammtímaskuldir, breyting | | 0 | 500 |
| Leiguskuld afborganir | | ( 418) | ( 454) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 459) | ( 898) |
| **Hækkun á handbæru fé** | | 2.747 | 87 |
| **Handbært fé í upphafi tímabils** | | 1.827 | 2.869 |
| **Handbært fé í lok tímabils** | | 4.574 | 2.956 |

Skýringar á blaðsíðum 9 til 14 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

# SKÝRINGAR

## 1. Félagið

Hagar hf. („félagið“) er íslenskt hlutafélag og er lögheimili þess að Holtavegi 10, Reykjavík. Samstæðuárshlutareikningur félagsins fyrir tímabilið 1. mars til 31. maí 2024 hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“ og til einstakra félaga sem „samstæðufélaga". Aðalstarfsemi félagsins er rekstur smásöluverslana og tengdra vöruhúsa, ásamt sölu á eldsneyti. Í skýringu 15 er greint frá félögum í samstæðunni.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

***Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt***

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IFRS) um árshlutareikninga, IAS 34, eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir rekstrarárið sem endaði þann 29. febrúar 2024.

Stjórn félagsins staðfesti árshlutareikninginn þann 28. júní 2024.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir rekstrarárið sem endaði þann 29. febrúar 2024. Hægt er að nálgast ársreikninginn á vef félagsins, www.hagar.is.

Árshlutareikningurinn er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagins. Allar fjárhæðir eru birtar í milljónum króna.

## 4. Mat og ákvarðanir

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikingsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

## 5. Viðskiptavild

Engar vísbendingar voru um virðisrýrnun viðskiptavildar þann 31. maí 2024 og vegna þess var virðisrýrnunarpróf ekki framkvæmt.

## 6. Starfsþáttayfirlit

Starfsþættir samstæðunnar eru tveir, verslanir og vöruhús annars vegar og Olís hins vegar. Starfsemi verslana og vöruhúsa er nær eingöngu í smásölurekstri matvöru á Íslandi. Stjórnendur leggja mat á smásöluverslun eftir mismunandi tegundum verslana og landsvæðum og líta svo á að hún byggist á sambærilegum efnahagslegum einkennum, vörum, viðskiptavinum og birgjum. Heildsölurekstur matvöru og smásölurekstur sérvöru er óverulegur og undir þeim tekju-, hagnaðar- og eignamörkum sem hafa ber til viðmiðunar við gerð starfsþáttayfirlits. Starfsemi Olís er að stærstum hluta í sölu eldsneytis og þjónustu sem því tengist.

## 6. Starfsþáttayfirlit, frh.:

| *Fyrsti ársfjórðungur 2024/25* | Verslanir og vöruhús | Olís ehf. | Jöfnunar-færslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Vörusala | 31.243 | 13.043 | ( 219) | 44.067 |
| Aðrar rekstrartekjur | 187 | 25 | ( 70) | 142 |
| **Heildartekjur starfsþátta** | 31.430 | 13.068 | ( 289) | 44.209 |
| Heildarrekstrargjöld starfsþátta | ( 28.983) | ( 12.301) | 289 | ( 40.995) |
| **EBITDA starfsþátta** | 2.447 | 767 | 0 | 3.214 |
| Afskriftir starfsþátta | ( 1.005) | ( 376) | 0 | ( 1.381) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | ( 2) | 27 | 0 | 25 |
| **Rekstrarafkoma starfsþátta** | 1.440 | 418 | 0 | 1.858 |
| Hrein fjármagnsgjöld | ( 667) | ( 122) | 0 | ( 789) |
| Tekjuskattur | | | | ( 219) |
| **Hagnaður tímabilsins** | | | | 850 |
| **31. maí 2024** | | | | |
| Eignir starfsþátta | 57.641 | 23.900 | 0 | 81.541 |
| **Eignir samtals** | | | | 81.541 |
| Skuldir starfsþátta | 41.346 | 11.157 | 0 | 52.503 |
| **Skuldir samtals** | | | | 52.503 |
| Fjárfestingar starfsþátta (nettó) | 572 | 120 | 0 | 692 |

| *Fyrsti ársfjórðungur 2023/24* | Verslanir og vöruhús | Olís ehf. | Jöfnunar-færslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Vörusala | 29.035 | 12.689 | ( 234) | 41.490 |
| Aðrar rekstrartekjur | 228 | 30 | ( 64) | 194 |
| **Heildartekjur starfsþátta** | 29.263 | 12.719 | ( 298) | 41.684 |
| Heildarrekstrargjöld starfsþátta | ( 27.041) | ( 12.420) | 298 | ( 39.163) |
| **EBITDA starfsþátta** | 2.222 | 299 | 0 | 2.521 |
| Afskriftir starfsþátta | ( 910) | ( 219) | 0 | ( 1.129) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | ( 1) | 41 | 0 | 40 |
| **Rekstrarafkoma starfsþátta** | 1.311 | 121 | 0 | 1.432 |
| Hrein fjármagnsgjöld | ( 508) | ( 118) | 0 | ( 626) |
| Tekjuskattur | | | | ( 153) |
| **Hagnaður tímabilsins** | | | | 653 |
| **31. maí 2023** | | | | |
| Eignir starfsþátta | 51.960 | 22.337 | 0 | 74.297 |
| **Eignir samtals** | | | | 74.297 |
| Skuldir starfsþátta | 35.823 | 10.723 | 0 | 46.546 |
| **Skuldir samtals** | | | | 46.546 |
| Fjárfestingar starfsþátta (nettó) | 1.976 | 376 | 0 | 2.352 |

## 7. Afskriftir

Afskriftir greinast þannig:

| | 2024 1.3-31.5. | 2023 1.3-31.5. |
|---|---|---|
| Afskriftir rekstrarfjármuna | 708 | 532 |
| Afskriftir fjárfestingarfasteigna | 39 | 19 |
| Afskriftir leigueigna | 491 | 466 |
| Afskriftir óefnislegra eigna | 109 | 78 |
| Hlutdeild í afskriftum Olíudreifingar ehf. | 34 | 34 |
| Afskriftir samtals | 1.381 | 1.129 |

## 8. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

| | 2024 1.3-31.5. | 2023 1.3-31.5. |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur af innstæðum og kröfum | 46 | 10 |
| Gengishagnaður | 9 | 0 |
| Fjármunatekjur samtals | 55 | 10 |
| | | |
| Vaxtagjöld og verðbætur | ( 576) | ( 495) |
| Vaxtagjöld leiguskuldar | ( 268) | ( 131) |
| Gengistap | 0 | ( 10) |
| Fjármagnsgjöld samtals | ( 844) | ( 636) |
| | | |
| Hrein fjármagnsgjöld | ( 789) | ( 626) |

## 9. Leigueignir

Leigueignir og leiguskuldir samstæðunnar sem leigutaka eru eingöngu vegna húsnæðis. Leigueignir og leiguskuldir vegna lóðaleigusamninga eru ekki færðar. Upplýsingar um leiguskuldir má finna í skýringu 14.

| Leigueignir greinast þannig frá upphafi til loka tímabilsins: | 31.5.2024 | 29.2.2024 |
|---|---|---|
| Leigueignir í upphafi tímabils | 11.252 | 8.287 |
| Nýir samningar | 0 | 1.722 |
| Verðbætur | 243 | 939 |
| Afskriftir | ( 491) | ( 1.862) |
| Aðrar breytingar samninga | 1.214 | 2.166 |
| Leigueignir í lok tímabils | 12.218 | 11.252 |

## 10. Vörubirgðir

Vörubirgðir greinast þannig:

| | 31.5.2024 | 29.2.2024 |
|---|---|---|
| Dagvara | 5.854 | 6.126 |
| Sérvara | 2.958 | 2.520 |
| Eldsneyti | 3.671 | 4.039 |
| Vörur í flutningi | 315 | 383 |
| Vörubirgðir samtals | 12.798 | 13.068 |
| | | |
| Niðurfærsla birgða í lok tímabils | 248 | 228 |

## 11. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig:

| | 31.5.2024 | 29.2.2024 |
|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 6.126 | 5.189 |
| Niðurfærsla viðskiptakrafna | ( 258) | ( 239) |
| Gjaldmiðlaskiptasamningur | 107 | 69 |
| Aðrar skammtímakröfur | 403 | 437 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 6.378 | 5.456 |
| Greiðslukortakröfur | 954 | 778 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals | 7.332 | 6.234 |

## 12. Eigið fé

Bundið eigið fé greinist þannig:

| | Lög-bundinn varasjóður | Bundinn hlutdeildar-reikningur | Bundinn eiginfjár-reikningur | Bundið eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|
| Bundið eigið fé 1. mars 2023 | 283 | 6.974 | 33 | 7.290 |
| Breyting á hlutdeildarreikningi | 0 | 969 | 0 | 969 |
| Bundið eigið fé 31. maí 2023 | 283 | 7.943 | 33 | 8.259 |
| | | | | |
| Bundið eigið fé 1. mars 2024 | 277 | 8.597 | 54 | 8.928 |
| Breyting á hlutdeildarreikningi | 0 | 1.215 | 0 | 1.215 |
| Bundið eigið fé 31. maí 2024 | 277 | 9.812 | 54 | 10.143 |

## 13. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi skuldir greinast þannig:

| | Vegið meðaltal vaxta | | Eftirstöðvar | Eftirstöðvar |
|---|---|---|---|---|
| | 31.5.2024 | 29.2.2024 | 31.5.2024 | 29.2.2024 |
| Langtímaskuldir í ISK, óverðtryggðar | 8,36% | 8,42% | 8.074 | 8.125 |
| Langtímaskuldir í ISK, verðtryggðar | 2,80% | 2,80% | 6.201 | 6.099 |
| Víxilskuldir í ISK | 10,27% | 10,32% | 2.880 | 2.880 |
| Vaxtaberandi skuldir, þ.m.t. næsta árs afborgun | | | 17.155 | 17.104 |
| Næsta árs afborganir vaxtaberandi skulda | | | ( 5.825 ) | ( 5.818 ) |
| Langtímaskuldir samtals | | | 11.330 | 11.286 |

Afborganir langtímalána greinast þannig á næstu ár:

| | | |
|---|---|---|
| Afborganir innan árs | 5.825 | 5.818 |
| Afborganir eftir 1 til 2 ár | 382 | 445 |
| Afborganir eftir 2 til 3 ár | 2.393 | 2.456 |
| Afborganir eftir 3 til 4 ár | 405 | 468 |
| Afborganir eftir 4 til 5 ár | 419 | 481 |
| Afborganir síðar | 7.731 | 7.436 |
| Samtals | 17.155 | 17.104 |

## 13. Vaxtaberandi skuldir frh.

| Breyting vaxtaberandi skulda á tímabilinu greinist þannig: | 31.5.2024 | 29.2.2024 |
|---|---|---|
| Vaxtaberandi skuldir í upphafi tímabils | 17.104 | 15.154 |
| Ný lántaka langtímalána | 0 | 2.000 |
| Afborganir langtímalána | ( 111) | ( 443) |
| Breyting á víxilskuldum | 0 | 1.800 |
| Breyting á lánalínu | 0 | ( 1.800) |
| Verðbætur | 162 | 393 |
| Vaxtaberandi skuldir í lok tímabils | 17.155 | 17.104 |

Gangvirði fjáreigna og fjárskulda er jafnt bókfærðu virði þeirra.

## 14. Leiguskuldir

Leigueignir og leiguskuldir samstæðunnar sem leigutaka eru eingöngu vegna húsnæðis. Leigueignir og leiguskuldir vegna lóðaleigusamninga eru ekki færðar. Upplýsingar um leiguskuldir má finna í skýringu 9.

| Leiguskuldir greinast þannig frá upphafi til loka tímabilsins: | 31.5.2024 | 29.2.2024 |
|---|---|---|
| Leiguskuldir í upphafi tímabils | 12.239 | 9.068 |
| Nýir samningar | 0 | 1.722 |
| Afborgunarþáttur leigugreiðslna | ( 418) | ( 1.656) |
| Verðbætur | 243 | 939 |
| Aðrar breytingar samninga | 1.214 | 2.166 |
| Leiguskuldir, þ.m.t. næsta árs afborgun | 13.278 | 12.239 |
| Næsta árs afborganir leiguskulda | ( 2.609) | ( 2.579) |
| Leiguskuldir til langtíma í lok tímabils | 10.669 | 9.660 |

Afborganir leiguskulda greinast þannig á næstu ár:

| | | |
|---|---|---|
| Afborganir innan árs | 2.609 | 2.579 |
| Afborganir eftir 1 til 2 ár | 2.296 | 2.189 |
| Afborganir eftir 2 til 3 ár | 1.769 | 1.697 |
| Afborganir eftir 3 til 4 ár | 1.340 | 1.210 |
| Afborganir eftir 4 til 5 ár | 1.030 | 890 |
| Afborganir síðar | 4.234 | 3.674 |
| Samtals | 13.278 | 12.239 |

Heildarleigugreiðslur sem tengjast þeim leigusamningum sem færðir eru samkvæmt leigustaðli IFRS 16 námu 686 millj. kr. (2023/24: 585 millj. kr.).

## 15. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig: | 31.5.2024 | 29.2.2024 |
|---|---|---|
| Tekjuskattur til greiðslu | 754 | 864 |
| Viðskiptaskuldir | 16.014 | 13.095 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 2.889 | 3.531 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals | 19.657 | 17.490 |

## 16. Félög í samstæðu

Dótturfélög í samstæðu Haga hf. voru sex í upphafi og lok tímabilsins. Dótturfélögin eru eftirfarandi:

| | | Eignarhlutur | |
|---|---|---|---|
| | Staðsetning | 31.5.2024 | 29.2.2024 |
| Hagar verslanir ehf. | Ísland | 100% | 100% |
| Olís ehf. | Ísland | 100% | 100% |
| Bananar ehf. | Ísland | 100% | 100% |
| Noron ehf. | Ísland | 100% | 100% |
| Stórkaup ehf. | Ísland | 100% | 100% |
| Eldum rétt ehf. | Ísland | 100% | 100% |

## 17. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar félagsins eru stórir hluthafar í félaginu, hlutdeildarfélög þess, lykilstjórnendur og stjórnarmenn. Viðskipti á milli félagsins og dótturfélaga þess, sem eru skilgreind sem tengdir aðilar, hafa verið færð út í samstæðureikningsskilum og eru ekki hluti af þessari skýringu.

*Viðskipti við tengda aðila*

Viðskipti við tengda aðila eru við hlutdeildarfélög og greinast þannig:

| | 2024<br>1.3.-31.5. | 2023<br>1.3.-31.5. |
|---|---|---|
| Seldar vörur og þjónusta | 118 | 103 |
| Keyptar vörur og þjónusta | ( 571) | ( 548) |
| Viðskiptakröfur í lok tímabils | 12 | 133 |
| Viðskiptaskuldir í lok tímabils | ( 72) | ( 344) |

## 18. Kennitölur

Helstu kennitölur samstæðunnar eru eftirfarandi:

| **Rekstur** | 2024<br>1.3-31.5. | 2023<br>1.3-31.5. |
|---|---|---|
| Rekstrarhagnaðarhlutfall (rekstrarhagnaður fyrir afskriftir / vörusölu) | 7,3% | 6,1% |
| Launahlutfall (laun og launatengd gjöld / vörusölu) | 9,9% | 9,5% |
| Kostnaðarhlutfall (annar rekstrarkostnaður / vörusölu) | 4,7% | 4,4% |
| Veltuhraði birgða (kostnaðarverð seldra vara / meðalbirgðastaða) | 11,4 | 11,3 |
| Innheimtutími viðskiptakrafna í dögum | 11,4 | 11,3 |

| **Efnahagur** | 31.5.2024 | 29.2.2024 |
|---|---|---|
| Veltufjárhlutfall (veltufjármunir / skammtímaskuldir) | 0,88 | 0,82 |
| Lausafjárhlutfall ((veltufjármunir-birgðir) / skammtímaskuldir) | 0,42 | 0,31 |
| Skuldsetning (nettó vaxtaberandi skuldir / rekstrarhagnaður fyrir afskriftir) | 1,90 | 2,10 |
| Eiginfjárhlutfall (eigið fé / heildareignir) | 35,6% | 36,5% |
| Innra virði hlutafjár (eigið fé / hlutafé) | 26,79 | 26,00 |